

# Ráðgjöf og sáttameðferð í þágu skilnaðarbarna.
# Hlutverk sveitarfélaga

María Gunnarsdóttir
félagsráðgjafi

22/11/2012

# Félagsþjónusta sveitarfélaga



- Megin verkefni félagsþjónustu sveitarfélaga eru bundin í lög, má þar nefna:
  - Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga
  - Barnalög
  - Barnaverndarlög

# Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga



Markmið laganna er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjálpar.

# Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, frh

- Við framkvæmd lagana skulu starfsmenn félagsþjónustu hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar.
- Félagsþjónusta skal veita þjónustu og ráðgjöf í tengslum við ýmsa málaflokka og má þar nefna:
  – Félagslega ráðgjöf
  – Málefni barna
  – Þróunar- og forvarnarstarf

# Félagsleg ráðgjöf

- Sveitarfélög skulu bjóða upp á félagslega ráðgjöf en markmið hennar er að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar.
- Félagsleg ráðgjöf tekur m.a. til ráðgjafar á sviði uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála.
- Ef sveitarfélag ræður starfsmann skal leitast til að hafa starfsfólk menntað í félagsráðgjöf eða á hliðstæðu sviði til þess að annast félagslega ráðgjöf.

# Málefni barna

Félagsráðgjafar hjá félagsþjónustu sveitarfélagana vinna að því:

- í samvinnu við foreldra og aðra aðila sem hafa með höndum uppeldi, fræðslu og heilsugæslu barna að gera, að gæta velferðar og hagsmuna barna í hvívetna.
- að börn fái notið hollra og þroskavænlegra uppvaxtarskilyrða , t.d. leikskóla og tómstundaiðju
- að gæta þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt og ekki séu aðstæður í umhverfi barna sem þeim stafar hætta af.

# Ráðgjöf og sáttameðferð í þágu skilnaðarbarna

Samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga veita félagsráðgjafar foreldrum ráðgjöf og stuðning í forsjár- og umgengnismálum.

- Símtöl
- Viðtöl
- Samstarf við stofnanir
- Þróunar-og forvarnarstarf
  - Áfram ábyrgð



# Ráðgjöf og sáttameðferð í þágu skilnaðarbarna, frh.

- Barnverndarnefndir hafa tekið að sér umsagnir í forsjár – og umgengnismálum skv. barnalögum.
- Á árunum 2006-2011 óskaði Sýslumaður eftir umsögn barnaverndarnefndar í 13 forsjármálum og 670 umgengnismálum.
    - Ræða við börn
    - Kanna aðstæður foreldra og barna
    - Sáttameðferð
    - Koma með tillögur að umgengni



# Félagsráðgjafar hjá félagsþjónustu sveitarfélaga

Vinna með fjölskyldum varðandi ýmis málefni og við vinnslu mála er áhersla á:



- heildarsýn.
- teymisvinnu.
- samráð við foreldra og börn.
- að sjónarhorn foreldra og barna komi fram ásamt því að taka þátt í ákvörðunarferlinu.
- að hlusta, sýna samúð og virðingu og veita stuðning.

# Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

Félagsráðgjafar reyna eftir fremsta megni að fylgja reglum Barnasáttmálans þegar verið er að vinna með málefni barna en þar kemur m.a. fram:

- Virðing fyrir sjónarmiðum barnsins
- Réttur barns að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Taka tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þess og þroska.
- Barn eigi rétt á að tjá sig þegar málefni þess eru til meðferðar hjá dómstólum eða stjórnvaldi, annað hvort beint eða með milligöngu talsmanns.

# Viðtalsherbergi fyrir börn hjá fjölskyldu-og félagsþjónustu Reykjanesbæjar



# Vinnuaðferðir félagsráðgjafa hjá félagsþjónustu sveitarfélaga

- Beita viðurkenndum samræðuaðferðum í fjölskylduvinnu, ráðgjöf eða meðferð.
- Má þar nefna:
  - Barnamiðuð nálgun (e. Child-directed practice).
  - Fjölskyldusamráð (e. Family group conference).
- Samræmast vel hugmyndum samfélagsins um aukið samráð og þátttöku foreldra og barna við vinnslu mála.



# Barnamiðuð nálgun

Er vinnuaðferð sem félagsráðgjafar hafa tileinkað sér í auknum mæli í fjölskylduvinnu:

- samræðuaðferð sem byggist á þátttökulýðræði og virkri þátttöku barna og foreldra að sínu máli.
- barnið er jafningi annarra sem sitja á fundinum, m.a. foreldra og félagsráðgjafa.
- unnið er lausnamiðað með vandann.

# Fjölskyldusamráð

Er vinnuaðferð með samráði við fjölskyldur og sjónarmið barna séu virt með raunverulegum hætti til að styrkja þau og valdefla.  Þannig er verið að auka þátttökulýðræði fjölskyldunnar  og færa ákvarðanatöku og það vald sem henni fylgir frá fagfólki til fjölskyldna.

# Fjölskyldusamráð, frh.

Hér er horfið frá því að nýta eingöngu sérfræðiþekkingu félagsráðgjafans heldur lögð áhersla á styrkleika fjölskyldunnar og virka þátttöku barnsins, foreldranna og tengslanet fjölskyldunnar.



# Sérfræðiráðgjöf- réttindi og hagsmunir barna

Í nýjum barnalögum eru tekin inn ný ákvæði um réttindi barna til að tjá sig um þeirra persónuleg málefni.

- Tækifæri til að:
  - Að byggja upp sérfræðiráðgjöf sem miðar að því að börn geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri og að þau fái að taka þátt í ákvörðuninni sem snertir þeirra líf.

# Sérfræðiráðgjöf-réttindi og hagsmunir barna, frh.

- Mikilvægt að skapa þverfaglegt sérfræðingateymi  t.d. félagsráðgjafa, sálfræðinga auk lögfræðinga til að mæta sem best þörfum barnanna.
- Gera þarf ráð fyrir aðstöðu til að ræða sérstaklega við börn?
- Gera þarf ráð fyrir að sérfræðingar fari á heimili til að kanna aðstæður barna?

# Sérfræðiþekking félagsráðgjafa í málefnum barna

- Þekking og þjálfun til að vinna að forsjár- og umgengnismálum.
- Greining og mat á aðstæðum fjölskyldna
- Fara á heimili fjölskyldna til að greina og veita stuðning á heimavelli.
- Hlusta á börn, ræða við þau og vinna með þeim.

# Félagsráðgjöf:

- fjölþættur vandi-fjölþætt nálgun.
- vinna út frá heildarsýn á fjölskyldur .
- beita samræðuaðferð við vinnslu mála.
- áhersla á að vinna út frá styrkleikum fjölskyldunnar ásamt þátttökulýðræði.

- Á vel við í sérfræðiteymi Sýslumanns.



# Takk fyrir

